



Sjúkratryggingar  
Íslands

Velferðarnefnd  
b.t. Nichole Leigh Mosty  
Alþingi  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2017

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 77/2016, sbr. þingskjal 137 – 80. mál.

Velferðarnefnd hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga sem kveður á um frestun á gildistöku laga nr. 77/2016, þ.e. frestun á nýju greiðsluþáttökukerfi í heilbrigðisþjónustu. Vegna þessa vilja Sí koma eftirfarandi á framfæri.

Sí gera ekki athugasemd við efnisatriði frumvarpsins og þar með frestun gildistöku laga nr. 77/2016. Sí vilja á hinn bóginn koma á framfæri athugasemdum við greinargerð frumvarpsins og vekja athygli á að stofnunin áætlar að fjárvöntun vegna nýs greiðsluþáttökukerfis heilbrigðisþjónustunnar sé ekki um 1 ma.kr. heldur nær 3 ma.kr. Breytingin rúmast því ekki innan fjárlaga ársins 2017 eins og fullyrt er í greinargerðinni.

Sí vekja athygli á að fyrirhuguð reglugerð um greiðsluþáttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu hefur enn ekki verið sett. Síðustu drög að reglugerðinni, sem starfsmenn Sí hafa undir höndum, eru dagsett 23. janúar sl. og voru þá enn „opin til nánari umræðu“. Framangreint kostnaðarmat er því með fyrirvara um mögulegar breytingar á útfærslunni eins og hún er í þessum drögum. Jafnframt veldur óvissu við kostnaðarmatið að endanleg ráðstöfun 1.000 m.kr., sem samþykkt var að ráðstafa til kerfisbreytingarinnar við afgreiðslu fjárlaga 2017, liggur ekki fyrir. Sí hafa heldur ekki upplýsingar um mögulega fjárvöntun stofnana ríkisins vegna nýja greiðsluþáttökukerfisins og þar með að hve miklu leyti þessir fjármunir verða notaðir til að bæta stofnunum ríkisins upp tekjutap vegna lækkunar sértekna. Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun er fjárvöntun sjúkratrygginganna skv. nýja kerfinu vegna samningsbundinnar þjálfunar og læknskostnaðar 1,6 – 2,0 ma.kr. Þessi fjárvöntun endurspeglar mismun heildarverðs og hlutdeildar sjúkratryggðra í kostnaði þjónustunnar. Sí eru að endurútreikna áætlaðan heildarkostnað við innleiðingu nýja greiðsluþáttökukerfisins og ætti niðurstaðan að liggja fyrir síðar í vikunni.

Sí vekja athygli á að meginástæða þess að fresta þarf gildistöku nýja greiðsluþáttökukerfisins er að framangreind reglugerð hefur ekki verið sett. Ef vel á að vera þyrfti hún að vera frágengin amk. þremur mánuðum fyrir gildistöku, sbr. það sem fram kemur í fréttatilkynningu heilbrigðisráðherra frá 6. janúar sl. Þegar ákveðið var að fresta gildistökunni til 1. maí nk. Þar segir að stefnt sé að því að reglugerðin verði sett fyrir lok þessa mánaðar. Einnig vöktu Sí sérstaka athygli ráðuneytisins á því í nóvember sl. að tafir á setningu reglugerðarinnar m.v.

gildistöku 1. febrúar 2017, sbr. lög nr. 77/2016, væru þá þegar farnar að valda erfiðleikum við innleiðingu kerfisbreytingarinnar.

Sí vekja athygli á að engin kerfissetning eða útfærsla á rafrænum samskiptum vegna fyrirhugaðrar reglugerðar um tilvísanir fyrir börn hefur enn átt sér stað. Sí hafa því lagt til að beðið verði með innleiðingu tilvísana fyrir börn þar til sú vinna hefur farið fram og að innleiðing tilvísana verði ákveðin fjórum til sex mánuðum eftir innleiðingu nýja greiðslubátttökukerfisins. Sí hafa jafnframt bent á að lagaheimildin til að ákveða að gjald vegna þjónustu fyrir börn verði lægri eða falli niður ef þjónustan er sótt með tilvísun frá heilsugæslustöð eða heimilslækni er bundin við þjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. tl. 29. gr. laga nr. 112/2008 og 3. tl. 1. gr. laga nr. 77/2016). Samkvæmt drögum að reglugerð um greiðslubátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu (dags. 23. janúar sl.) er þrátt fyrir þetta ætlunin að fella gjald vegna þjónustu fyrir börn niður vegna komu til sérgreinalæknis á dagdeild og göngudeild sjúkrahúsa óháð því hvort hún er sótt með tilvísun eða ekki. Þetta kemur ekki heim og saman við lögin, felur í sér mismunun og virðist í andstöðu við breytingar og áherslur velferðarnefndar Alþingis við afgreiðslu laga nr. 77/2016.

Fulltrúar Sjúkratrygginga Íslands eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar og gera nánari grein fyrir framangreindum atriðum ef eftir því er óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Sjúkratrygginga Íslands



Steingrímur Ari Arason,  
forstjóri

Afrit:  
Velferðarráðuneytið - Vilborg Ingólfssdóttir, skrifstofustjóri